

**Reglur um könnun og meðferð einstakra
barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsfólki
barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar**

Efnisyfirlit:

- I. Almenn
 1. Grundvöllur málsmeðferðarreglna í barnaverndarþjónustu
 2. Starfslið barnaverndarþjónustu

- II. Vanhæfisreglur
 3. Vanhæfi
 4. Áhrif vanhæfis
 5. Valdsvið og samstarf milli barnaverndarþjónustu

- III. Málsmeðferð hjá starfsliði barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar
 6. Trúnaðarskylda
 7. Meginreglur í barnaverndarstarfi
 8. Réttindi barna við málsmeðferð
 9. Málshraði
 10. Skráning
 11. Tilkynningar
 12. Ákvarðanataka
 13. Neyðarráðstöfun
 14. Teymisfundir
 15. Könnun máls
 16. Lögreglurannsókn
 17. Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann
 18. Áætlun um meðferð máls
 19. Mál lagt fyrir umdæmisráð Landsbyggða
 20. Ákvarðanir umdæmisráðs Landsbyggða

- IV. Ráðstöfun barns utan heimilis
 21. Vistun utan heimilis/fóstur
 22. Vistun á meðferðarheimili
 23. Fósturforeldrar
 24. Fóstursamningur og fósturgreiðslur
 25. Leyndur dvalarstaður
 26. Stuðningsfjölskyldur og sumardvöl fyrir börn
 27. Þjálfunar- og greiningarheimili

- V. Umsagnarmál
 28. Umsagnir skv. ættleiðingarlögum

- VI. Annað
 29. Boðun aðila á fund umdæmisráðs
 30. Aðgangur að gögnum máls
 31. Gildistaka

I. Almennt

1. gr.

Grundvöllur málsmeðferðarreglna í barnaverndarþjónustu

Reglur þessar eru settar með vísan til 10. 11., og 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 auk samninga á milli Akureyrarbæjar og Dalvíkurbyggðar annars vegar og á milli Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Svalbarðsstrandarhrepps og Hörgársveitar hins vegar um stofnun sameiginlegrar barnaverndarþjónustu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi samningum um sameiginlega barnaverndarþjónustu er Akureyrarbær leiðandi sveitarfélag og ber ábyrgð á barnaverndarþjónustunni og fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála á starfssvæði samningsins. Akureyrarbær sem leiðandi sveitarfélag ber ábyrgð á því að þjónustan sé skipuð hæfu starfsfólki auk þess sem fagleg ábyrgð og ákvarðanataka er hjá Akureyrarbæ, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar er með reglum þessum falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í hverju og einu barnaverndarmáli og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Forstöðumaður barnaverndarþjónustu á velferðarsviði Akureyrarbæjar (hér eftir nefndur forstöðumaður barnaverndarþjónustu) hefur heimild til að taka ákvörðun sé ekki sérstaklega mælt fyrir um annað í lögum, samningum eða reglum hver hefur heimild til að taka ákvörðun fyrir hönd Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar.

Í forföllum eða fjarveru forstöðumanns barnaverndarþjónustu leysir sérhæfður stafsmaður barnaverndarþjónustu á Akureyri hann af.

2. gr.

Starfslið barnaverndarþjónustu

Sérhæft starfsfólk hinnar sameiginlegu barnaverndarþjónustu kannar og fer með einstök barnaverndarmál í umboði sveitarfélaganna með vísan til samþykktar um fullnaðarafgreiðslu hjá barnaverndarþjónustu með vísan til 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og undir stjórn forstöðumanns barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónusta Akureyrarbæjar ber jafnframt ábyrgð á framkvæmd ákvarðana umdæmisráðs Landsbyggða í málum barna sem undir barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar heyrir. Þannig heyrir starfslið barnaverndarþjónustu undir boðvald forstöðumanns barnaverndarþjónustu á velferðarsviði Akureyrar í málum sem heyra undir barnaverndarþjónustu.

Sérhæft starfsfólk í barnaverndarþjónustu er með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi barnaverndarþjónustu, ráðgjafi í barnaverndarþjónustu með annarskonar uppeldismenntun, lögfræðingur eða sálfræðingur barnaverndarþjónustu.

Starfsfólk verður að búa yfir hæfni og þekkingu til þess að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Forstöðumanni barnverndarþjónustu er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu mála eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.

II. Vanhæfisreglur

3. gr.

Vanhæfi

Um starfsmenn gilda hæfisreglur II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Forstöðumaður eða annar starfsmaður barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar er vanhæfur til þess að fara með barnaverndarmál við eftirfarandi aðstæður:

- a. Ef hann er aðili máls, fyrirvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
- b. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- c. Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í b-lið.
- d. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. b-lið næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.
- e. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

4. gr.

Áhrif vanhæfis

Starfsmaður sem veit um aðstæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli forstöðumanns barnaverndarþjónustu á því. Forstöðumaður tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður skuli segja sig frá málinu.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að halda málinu í réttu horfi þar til annar starfsmaður tekur við sbr. 4. gr. stjórnsýslulaga. Hið sama gildir um forstöðumann.

Ef mál er það tengt einum eða fleiri starfsmönnum barnaverndarþjónustu getur forstöðumaður ákveðið að fela vinnslu þess annarri barnaverndarþjónustu.

Viti forstöðumaður barnaverndarþjónustu um ástæður sem kunna að valda vanhæfi hans skal hann tafarlaust vekja athygli síns yfirmanns á þeim. Yfirmaður forstöðumanns tekur endanlega ákvörðun um hvort forstöðumaður sé vanhæfur.

5. gr.

Valdsvið og samstarf milli barnaverndarþjónustu

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í umdæmi

þjónustunnar í Eyjafirði. Sömu leiðis getur forstöðumaður barnaverndarþjónustu samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga vegna barns sem statt er í umdæmi Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, en hefur fasta búsetu annars staðar, getur sérhæfður starfsmaður í samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið og skal hún taka það til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

III. Málsmeðferð hjá starfsfólki barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar

6. gr.

Trúnaðarskylda.

Starfsfólki barnaverndarþjónustu ber að gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af og mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál einstaklinga eða heimilisháttu.

Starfsmenn skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu er þeir hefja störf.

Trúnaðarskylda helst þótt starfsmaður láti af störfum.

7. gr.

Meginreglur í barnaverndarstarfi

Starfsfólk barnaverndarþjónustu skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi. Aðrir hagsmunir s.s. hagsmunir foreldra verða þá að víkja stangist þeir á við hagsmuni barnsins.

Starfsfólki ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma.

Starfsfólk skal leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra/forsjáraðila og sýna þeim og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni og virðingu, er þeir kanna og fara með mál.

Starfsfólk skal í störfum sínum eiga góða samvinnu sín á milli, við samstarfsaðila og aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

Starfsfólk skal í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis.

Starfsfólk skal eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til íþyngjandi úrræða. Jafnframt skal ávallt miðað við að beitt sé vægustu úrræðum til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Aðeins skal gripið til íþyngjandi ráðstafana ef lögmætum markmiðum verður ekki náð með öðru og vægara móti.

8. gr.

Réttindi barna við málsmeðferð

Í starfi sínu skulu starfsmenn tryggja að barn geti myndað sér eigin skoðanir og látið þær í ljós við meðferð málsins. Tekið skal réttmætt tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Jafnframt skal veita barni upplýsingar um mál sitt á barnvænan hátt og að því marki sem aldur og þroski gefur tilefni til.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að kanna mál skal taka afstöðu til þess hvort skipa skuli barni talsmann. Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um forsjárviptingu skv. 29. gr. Heimilt er að skipa barni löglærðan talsmann ef það er talið þjóna hagsmunum barnsins. Ávallt skal leita samþykkis barna sem náð hafa 15 ára aldri vegna beitingu úrræða og þeim skal skipaður talsmaður nema barn njóti aðstoðar lögmanns. Barn sem náð hefur 15 ára aldri telst aðili máls. Þó skal hafa samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

9. gr.

Málshraði

Starfsfólk barnaverndarþjónustu skal afgreiða mál svo fljótt sem auðið er. Ákvörðun um könnun máls skal að jafnaði tekin innan 7 daga frá því tilkynning berst. Könnun skal að jafnaði lokið innan þriggja mánaða frá því tilkynning berst og eigi síðar en fjórum mánuðum frá því að ákvörðun er tekin um að hefja könnun.

10. gr.

Skráning

Barnaverndarþjónusta heldur skrá yfir öll barnaverndarmál. Öll gögn er barnaverndarmál varða, þ.m.t. gögn sem verða til hjá umdæmisráði Landsbyggða, skulu varðveitt hjá barnaverndarþjónustu í gagnagrunni og stafrænum lausnum þar til gögn barnaverndarmála verða varðveitt í gagnagrunni á vegum Barna- og fjölskyldustofu. Málsmöppur skulu ávallt geymdar í þar til gerðum skjalaskáp og skal tryggja góðan frágang. Þannig skal prenta reglulega út dagnótur, taka afrit af útsendum bréfum og tryggja að frumgögn liggja í málsmöppum. Gæta skal að málgögn séu sett í málsmöppurnar. Við lok máls skal starfsfólk sjá til þess að öll gögn séu samkvæmt tímaröð í málsmöppu.

11. gr.

Tilkynningar

Starfsfólk barnaverndarþjónustu skal taka á móti tilkynningum er varða grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess. Starfsfólk skal einnig taka á móti tilkynningum um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófæddis barns síns í hættu.

Skrá skal nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta í tölvukerfi.

Tryggja skal öruggan sendingarmáta tilkynninga sbr. í tryggðu rafrænu kerfi.

Tilkynningar skv. 16. gr.

Starfsfólk barnaverndarþjónustu skal vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarþjónustu.

Starfsfólk skal jafnframt staðfesta við tilkynnanda munnlega eða með öðrum tryggilegum hætti, að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.

Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd getur lögfræðingur barnaverndarþjónustu tekið ákvörðun um að synja um afléttingu nafnleyndar. Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísvitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur lögfræðingur barnaverndarþjónustu tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur lögfræðingur barnaverndarþjónustu óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

Tilkynningar skv. 17. og 18. gr.

Ákvæði um nafnleynd eiga ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Starfsfólk skal staðfesta við tilkynnanda skriflega eða með öðrum tryggilegum hætti að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.

12. gr.

Ákvarðanataka

Þegar tilkynning berst eða upplýsingar með öðrum hætti um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni eða af hendi barns eða að þunguð kona kunni að stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu skal starfsfólk taka afstöðu til þess án tafar og eigi síðar en innan sjö daga frá því að tilkynning eða upplýsingarnar bárust, hvort ástæða sé til þess að hefja könnun máls. Ljúka skal könnun eigi síðar en fjórum mánuðum frá því að ákvörðun er tekin um að hefja könnun.

Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Sama gildir þó starfsmaður fái upplýsingar með öðrum hætti en tilkynningu.

Að jafnaði skal ákvörðun um könnun máls tekin á teymisfundi. Ef brýn nauðsyn ber til hafa starfsmenn, að höfðu samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu eða lögfræðings hennar, heimild til að hefja könnun án þess að teymisfundur hafi fjallað um málið.

13. gr.

Neyðarráðstöfun

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga getur starfsmaður barnaverndarþjónustu að höfðu samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga. Með samþykki forsjáraðila getur sérhæfður starfsmaður tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra í samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu.

Við þær aðstæður sem lýst er í 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga er starfsmanni barnaverndarþjónustu heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. laganna, að fara inn á heimili enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

Um er að ræða mjög íþyngjandi aðgerðir og ber því ávallt að hafa málsmeðferðarreglur stjórnáslulaga til hliðsjónar, líkt og meðalhófs- og rannsóknarregluna og fl. Þá skal liggja fyrir hvort forsjáradili og eftir atvikum annar viðeigandi aðili samþykki fyrirhugaða aðgerð áður en aðila er tilkynnt um neyðarráðstöfunina.

Hafi starfsmaður verið kvaddur til að sinna barni þar sem brýnna aðgerða er þörf, skal hann gera skriflega skýrslu þar sem fram koma ástæður íhlutunar og annað sem máli kann að skipta.

14. gr. Teymisfundir

Starfsmenn barnaverndarþjónustu halda reglulega fundi þar sem teknar eru nauðsynlegar ákvarðanir um vinnslu barnaverndarmála. Fundina, sem nefndir eru teymisfundir í reglum þessum, skal halda tvisvar í viku. Fundunum stjórnar forstöðumaður barnaverndarþjónustu, eða staðgengill hans, og ritar fundargerð.

Helstu ákvarðanir sem teymisfundur tekur eru þessar:

- a) Um afgreiðsla tilkynninga
- b) Um könnun máls, þ.m.t. hvaða starfsmaður/starfsmenn hafa könnunina með höndum
- c) Um að vísa máli í lögreglurannsókn
- d) Um lok könnunar
- e) Um beitingu úrræða skv. 2. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga
- f) Um lokun barnaverndarmáls
- g) Þegar sérstaklega stendur á um framvindu máls, s.s. vegna vistunar barns utan heimilis með samþykki aðila
- h) Um að leggja mál til úrskurðar hjá umdæmisráði Landsbyggða

Sé ákvörðun svo knýjandi að hún geti ekki beðið næsta teymisfundar, skal hún tekin af forstöðumanni barnaverndarþjónustu, staðgengli hans eða eftir atvikum lögfræðingi barnaverndarþjónustu.

Teymisfundur er valdbær ef a.m.k. þrír eða fleiri starfsmenn í viðkomandi teymi sitja fundinn.

Ákvörðun um að hefja könnun máls eða hefja ekki könnun er hvorki kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála né annars stjórnvalds sbr. 21. gr. barnaverndarlaga.

15. gr. Könnun máls

Þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um misfellur í aðbúnaði og uppeldi barns, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin, skal málið kannað án tafar. Það sama gildir ef barn stefnir heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni.

Starfsmaður skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila.

Starfsmaður sem hefur fengið máli úthlutað skal afla upplýsinga frá þeim sem um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Skal jafnan aflað umsagnar skóla barns eða ungmennis eða annarrar stofnunar þar sem barn eða ungmenni dvelur. Heimilisaðstæður barns skulu kannaðar og rætt við foreldra eða forráðamenn.

Ávallt skal miða að því að ræða við barn við könnun máls allt miðað við aldur og þroska barns hverju sinni og færa fyrir því rök sé ekki talin þörf á eða þjóna hagsmunum barnsins að fá ekki fram sjónarmið þess og mat á líðan eða aðbúnaði.

Sé rökstuddur grunur um að aðstæðum barns sé ábótavant og þjóni það hagsmunum barns er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf til að tala við það í einrúmi eða til að fylgjast með hegðun þess.

Könnun starfsfólks barnaverndarþjónustu skal miða að því að sem gleggstar upplýsingar fáiist um hagi þess barns sem í hlut á, tengsl þess við foreldra eða aðra, líkamlegt og andlegt ástand þess eða annað sem máli kann að skipta.

Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað skal starfsmaður gera grein fyrir niðurstöðu könnunar á teymisfundum. Starfsmaður skal leggja fyrir fundinn tillögur sínar að næstu skrefum.

Foreldrar geta skotið ákvörðun starfsmanna um að loka máli á þessu stigi til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. 1. mgr. 23. gr. barnaverndarmála nr. 80/2002.

16. gr.

Lögreglurannsókn

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni á grundvelli almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hefur starfsmaður, að höfðu samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu eða lögfræðing hennar umboð til að óska eftir lögreglurannsókn og leggja fram kæru með eða án samþykkis forsjáraðila, enda leikur grunur á að velferð, lífi eða heilsu barns eða annarra sé stefnt í verulega hættu. Eftir atvikum skal haft samráð við og leita eftir samþykki forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá. Þá skal haft samráð við barn eftir atvikum.

17. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarband.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundum.

18. gr.

Áætlun um meðferð máls

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og þörf er á beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal starfsmaður, í samvinnu við foreldra/forsjáraðila og barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um meðferð máls. Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á. Í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi og í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum/forsjáraðilum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Áætlun skal markaður ákveðinn tími og mál endurskoðað með hliðsjón af því hvort markmiðum hafi verið náð.

Aðilum er heimilt að skjóta ákvörðun um að loka máli þegar tími meðferðaráætlunar er liðinn til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. 2. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Úrræði skv. 24. gr. bvl. sem er með samþykki foreldra, þá dugar að fá samþykki þess sem barn býr hjá skv. barnalögum ef úrræðið beinist að því heimili. Ef úrræðið beinist eingöngu að barni þá þarf aðeins samþykki barnsins. Og loks ef úrræðið beinist að foreldri sem barn nýtur umgengni við þá þarf samþykki lögheimilisforeldris og þess sem nýtur umgengninnar.

Úrræði utan heimilis skv. 25. gr. bvl. sem er með samþykki foreldra en það er gegn vilja barns sem ekki hefur náð 15 ára aldri þá skal gefa barninu tækifæri á að tala sínu máli fyrir þjónustunni með liðsinni talsmanns eftir atvikum. Ef foreldrar búa ekki saman en fara sameiginlega með forsjá barnsins þá þarf samþykkir beggja foreldra fyrir ráðstöfuninni. Ef barn hefur náð 15 ára aldri samþykkir úrræðið og býr hjá öðru foreldri sínu þá dugar að fá samþykki þess foreldris en leita skal umsagnar hins foreldrisins.

Ef ekki tekst samvinna um gerð eða framkvæmd áætlunar um beitingu úrræða og úrræði skv. 24. gr. og 25. gr. bvl. hafa ekki skilað árangri þá getur barnaverndarþjónustan farið fram á það að umdæmisráð Landsbyggða úrskurði gegn vilja foreldra, sjá 26. gr. bvl. Slík áform skal kynna fyrir foreldrum með hæfilegum fyrirvara og að leiðbeina um að slíkir úrskurðir eru kæránlegir til úrskurðarnefndar velferðarmála. Ef umdæmisráðið úrskurðar um samþætta þjónustu þá tekur barnaverndarþjónustan við hlutverki málstjóra.

19. gr.

Mál lagt fyrir umdæmisráð Landsbyggða til úrskurðar

Umdæmisráð Landsbyggða tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði, sbr. tilvitnuð ákvæði barnaverndarlaga:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.

3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr.
4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr.
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.

Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar undirbýr og fer fram á úrskurð umdæmisráðs vegna mála sem lúta úrskurðarvaldi ráðsins.

Náist ekki samvinna um gerð áætlunar um meðferð máls, úrræði ekki skilað árangri eða ástæða þykir til þess að vista barn utan heimilis eða svipta foreldri forsjá barns skal málið lagt fyrir umdæmisráð Landsbyggða. Þá er barnaverndarþjónustunni heimilt að setja fram kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis á barnshafandi einstaklingi ef heilsu og/eða lífi ófædds barns sé í hættu eða með háttsemi og brýn þörf stendur til, enda hafi vægari úrræði verið fullreynd, slíkt er sett í hendur lögmanns velferðarsviðs Akureyrarbæjar og fer málsmeðferð slíkra mála eftir lögræðislögum.

Ef leggja þarf mál fyrir umdæmisráð Landsbyggða skal starfsmaður tilkynna aðilum og barni eldra en 15 ára það með hæfilegum fyrirvara. Starfsmaður skal vekja athygli aðila á rétti þeirra til að mæta á fund umdæmisráðs og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli aðila á rétti þeirra til lögmannsaðstoðar og möguleika á styrk í því skyni.

Um boðun og afhendingu gagna fer eftir ákvæðum 28., og 29. gr. reglna þessara.

20. gr.

Ákvarðanir umdæmisráðs Landsbyggða

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu sem jafnframt ber ábyrgð á framkvæmd úrskurða ráðsins og ákvarðana þess skal tryggja að aðilum máls verði án ástæðulausrar tafar og með sannanlegum hætti tilkynnt um ákvarðanir og úrskurði umdæmisráðs Landsbyggða.

Jafnframt skal hlutaðeigandi aðila leiðbeint um kærheimildir, þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti og hvert beina skuli kæru.

IV. Ráðstöfun barns utan heimilis

21. gr.

Vistun utan heimilis/fóstur

Þessi grein á við um vistun barns í fóstur til lengri eða skemmri tíma eða tímabundna vistun í fjóra mánuði eða skemur skv. 84. gr. barnaverndarlaga.

Samþykki forsjáraðila fyrir því að barn verði vistað utan heimilis eða ráðstafað í fóstur, skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja aðila sem votta að foreldrum hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins. Barn sem hefur náð 15 ára aldri telst aðili málsins og þarf undirskrift þess vegna ráðstöfunar utan heimilis. Þá skal ávallt leita umsagnar og fá

afstöðu hins kynforeldrisins þó viðkomandi sé forsjárlaus. Meta þarf eftir atvikum hvort ástæða sé til að meta forsjárhæfni viðkomandi, sérstaklega áður en ákvörðun um að höfða forsjársviptingarmál skv. 29. gr.

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður umdæmisráðs Landsbyggða um fóstur barns sendir starfsmaður beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við stofuna. Starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra/forsjáraðila. Starfsmanni er skylt að leita umsagnar forsjárlausss foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur, sömuleiðis skal ávallt fyrst kannaður grundvöllur þess um að vista barnið hjá hinu forsjálausu foreldri. Verði barn ekki vistað hjá forsjálausu foreldri skal sú ákvörðun sérstaklega rökstudd. Eftir atvikum og miðað við aldur barns og þroska, skulu starfsmenn gera barni grein fyrir því hvers vegna því er komið fyrir í fóstur. Þá skulu starfsmenn undirstrika við fósturforeldra mikilvægi þess að fósturbörn hafi vitneskju um kynforeldri sitt og eigi rétt á að þekkja uppruna sinn

Starfsmenn skulu aðstoða og undirbúa foreldra og barn fyrir væntanlega ráðstöfun barnsins utan heimilis. Starfsmaður hefur frumkvæði að því að koma á samningi um umgengni barns við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir.

Umdæmisráð Landsbyggða úrskurðar um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengisréttarins eða framkvæmd.

22. gr.

Vistun á meðferðarheimili

Starfsfólk barnaverndarþjónustu geta vistað börn á meðferðarheimilum á vegum Barna- og fjölskyldustofu að því tilskildu að forsjáraðilar og barn eldri en 15 ára séu samþykkt ráðstöfuninni. Ef samþykki foreldra og/eða barns eldri en 15 ára liggur ekki fyrir skal málið lagt fyrir umdæmisráð Landsbyggða til úrskurðar.

Starfsmaður skal gera vistunarsamning og leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

23. gr.

Fósturforeldrar

Fósturforeldrar skulu hafa hlotið samþykki Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála til að starfa sem fósturforeldrar. Hefjist vistun barns áður en leyfi er gefið út skal starfsmaður skila umsókn um leyfi ásamt öllum gögnum til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála eins fljótt og auðið er.

Starfsfólk barnaverndarþjónustu skulu veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar á meðan á fóstri stendur. Starfsmaður skal hafa eftirlit með fósturheimili og heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það.

Starfsmaður skal rita í dagála í lok hvernar heimsóknar upplýsingar um líðan og aðstæður barnsins á fósturheimilinu og mat á árangri af fósturráðstöfun, hvernig fósturráðstöfun gengur ásamt dagsetningu heimsóknar.

Telji starfsmaður að fósturforeldri vanræki uppeldishlutverk sitt skal hann gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til verndar barni.

24. gr.

Fóstursamningur og fósturgreiðslur

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal starfsmaður barnaverndarþjónustunnar ganga frá fóstursamningi og undirrita hann f.h. Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar.

Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal sérhæfður starfsmaður meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings tekur sérhæfður starfsmaður með staðfestingu forstöðumanns barnaverndarþjónustunnar þá ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á teymisfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur starfsmaður með rökstuddri ákvörðun og samþykki forstöðumanns, breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Um greiðslur til fósturforeldra:

Starfsmaður barnaverndarþjónustu með staðfestingu forstöðumanns og að undangengnu samráði á teymisfundi, tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarþörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Starfsmaður barnaverndarþjónustu með staðfestingu forstöðumanns og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fóstri með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal starfsmaður barnaverndarþjónustu með staðfestingu forstöðumanns og að undangengnu samráði á teymisfundi taka afstöðu til beiðninnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

25. gr.

Leyndur dvalarstaður

Starfsmaður í samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu og að undangengnu samráði á teymisfundi getur tekið ákvörðun um að halda dvalarstað barns sem vistað er á vegum barnaverndarþjónustu leyndum og kynnir aðila máls þá ákvörðun. Umdæmisráð Landsbyggða kveður upp úrskurð í þeim málum í samræmi við 7. mgr. 74. gr. og 8. mgr. 81. gr. barnaverndarlaga.

26. gr.

Stuðningsfjölskyldur og sumardvöl fyrir börn

Einstaklingur eldri en 23 ára og hjón eða sambýlisfólk geta sótt um að gerast stuðningsaðili- eða fjölskylda og sótt um leyfi til að starfrækja sumardvöl fyrir börn í umdæmi

Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar og gera það í gegnum Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Starfsmenn skulu undir stjórn forstöðumanns barnaverndarþjónustu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda, sbr. 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 85. gr. barnaverndarlaga og VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um mál að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

27. gr.

Greiningar- og þjálfunarheimili og einkaheimili

Greiningar- og þjálfunarheimili er úrræði á vegum barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar og eru fyrirbyggjandi sérstakar verklagsreglur varðandi það úrræði. Þá hefur barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar yfir að ráða vistunarúrræðum í formi einkaheimila með það fyrir augum að geta vistað börn utan heimila meðal annars í bráðatilvikum sbr. 84. gr. barnaverndarlaga. Um málsmeðferð er vísað nánar í 21. gr. þessara reglna.

V. Umsagnarmál

28. gr.

Umsagnir skv. ættleiðingalögum nr. 130 /1999

Starfsfólk barnaverndarþjónustu annast könnun mála vegna umsagnar barnaverndarþjónustu um ættleiðingar skv. 16 gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir teymisfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra í samræmi við ættleiðingarlög.

Umsögn er afgreidd á teymisfundum með bókun og er hún ásamt greinargerð send til sýslumanns.

VI. kafli Annað

29. gr.

Boðun aðila á fund umdæmisráðs Landsbyggða

Í þeim tilvikum þar sem aðilar hafa rétt á því að mæta á fund umdæmisráðs skal starfsmaður boða viðkomandi með formlegum og tryggum hætti á fund umdæmisráðsins.

Fram skal koma tími og staðsetning fundarins ásamt tillögu í greinargerð. Þá skal tilgreint hvar og hvenær aðilar geta nálgast greinargerð starfsmanns, ef hún hefur ekki verið afhent viðkomandi áður.

Aðilum skal leiðbeint um rétt þeirra til að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en umdæmisráð kveður upp úrskurð. Jafnframt skal aðilum leiðbeint um rétt þeirra á styrk frá barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar fyrir lögmannskostnað skv. reglum um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar þegar það á við.

Aðilar skulu að jafnaði hafa fengið greinargerð starfsmanns í sínar hendur eigi síðar en fimm dögum fyrir fund umdæmisráðsins enda er gerð krafa til forsjáraðila og eftir atvikum lögmannna að skila inn greinargerð og gögnum með að lágmarki sólarhrings fyrirvara.

30. gr.

Aðgangur að gögnum máls

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu getur ákveðið, að höfðu samráði við lögfræðing þjónustunnar með rökstuddum úrskurði, byggða á málefnalegum rökum, að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála. Þjónustan getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmennt þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

31. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við þann 1. mars 2023 og skulu endurskoðaðar reglulega af fagráði barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar skv. samningi milli Akureyrarbæjar og Dalvíkurbyggðar annars vegar og á milli Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Svalbarðsstrandahrepps og Hörgársveitar hins vegar um barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar. Birta skal reglur þessar ásamt fyrrnefndum samningi og samþykktum um fullnaðarafgreiðslur hjá barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 á heimasíðum aðildarsveitarfélaga Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar.